



Alþingi
Erindi nr. P 138/1501
komudagur 7.4.2010

Jafnréttisstofa

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík


Akureyri, 30. mars 2010

Efni: Umsögn Jafnréttisstofu um tillögu til þingsályktunar um réttarbætur fyrir transfólk, 168. mál, þskj. 187, 138. lþ.

Með tölvubréfi 11. mars 2010, óskaði allsherjarnefnd Alþingis eftir umsögn Jafnréttisstofu um tillögu til þingsályktunar um réttarbætur fyrir transfólk.

Tillagan lýtur að því að Alþingi álykti að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd til þess að gera tillögur að úrbótum á stöðu transfólks (transgender) á Íslandi. Jafnréttisstofa telur mikilvægt að bæta réttarstöðu transfólks. Málaflokkurinn hefur verið mikið í umræðunni í Evrópu og meðal annars hefur Mannréttindadómstóll Evrópu tekið á málum er varða réttarstöðu einstaklinga með kynskiptahneigð. Hér á landi er staða transfólks óljós og veik í ljósi þess að töluvert vantar uppá að mannréttindi þessa hóps séu tryggð og lagaleg staða. Á þeim grundvelli hvetur Jafnréttisstofa allsherjarnefnd Alþingis til að samþykkja tillöguna til þingsályktunar um réttarbætur fyrir transfólk.

Virðingarfyllt
f.h. Jafnréttisstofu



Sigríður Svana Helgadóttir lögfræðingur



Alþingi
Erindi nr. P / 98 / 1440
komudagur 29. 3. 2010

LANDSSAMBAND LÖGREGLUMANNA

Reykjavík 26. mars 2010.

Allsherjarnefnd Alþingis
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Tilvísun yðar: Þskj. 187 – 168. mál 138. löggjafarþing

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um réttarbætur fyrir transfólk.

Almennt:

Landssamband lögreglumanna (LL) gerir engar athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

F.h. Landssambands lögreglumanna

Snorri Magnússon

Formaður



Alþingi
Erindi nr. P 138/1385
komudagur 25.3.2010

MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 22. mars 2010

Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um tillögu til þingsályktunar um réttarbætur fyrir transfólk, 138. löggjafarþing 2009-2010, þingskjal 187 – 168. mál.

1. Almenn


Mannréttindaskrifstofu Íslands hefur borist til umsagnar ofangreind þingsályktunartillaga um réttarbætur fyrir transfólk. Mannréttindaskrifstofan hefur um nokkurt skeið látið sig varða réttindi transfólks og fagnar þar af leiðandi þingsályktunartillögunni um að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd til þess að gera tillögur að úrbótum á stöðu þessa hóps. Skrifstofan tekur undir þau sjónarmið að nefndin kanni lagalega og félagslega stöðu transfólks á Íslandi og geri tillögur um úrbætur og nauðsynlegar aðgerðir til að útrýma hvers kyns misrétti gagnvart transfólki og að hún tryggi full mannréttindi þess. Mannréttindaskrifstofan vann að skýrslu um málefni transfólks árið 2009 og eftifarandi umsögn er unnin upp úr þeirri skýrslu. Skýrslan er óútgefin en hægt er að nálgast hana á Mannréttindaskrifstofunni.

Kynvitund fólks myndast strax á unga aldri og skynja börn því snemma hvoru kyninu þau tilheyra. Almenn er samsvörun á milli líffræðilegs kyns og kynvitundar, þ.e. einstaklingurinn upplifir sig af því líffræðilega kyni sem hann telst tilheyra. Í einstökum tilfellum líður fólki hins vegar eins og það hafi fæðst í röngum líkama og af röngu líffræðilegu kyni, þ.e. því finnst það vera af öðru kyni en líkama þess segir til um. Hér er um að ræða transgender eða transfólk og vill þessi hópur fólks jafnvel gangast undir flóknar skurðaðgerðir til að leiðrétta kyn sitt.

2. Löggjöf í Evrópu

Enga heildstæða löggjöf er að finna á Íslandi um málefni transfólks en víða í nágrannalöndum okkar er slíki löggjöf til að dreifa. Réttarstaða transfólks er því afar óskýr, einkum þeirra sem ekki hafa fengið eða lokið, eða vilja ekki, fulla kynleiðréttingu. Löggjöf um réttindi transfólks í Evrópu er mjög ólík eftir löndum og réttur þessa hóps misvel tryggður. Í Bretlandi hefur til að mynda verið samþykkt mjög víðtæk löggjöf, í kjölfar úrskurðar mannréttindadómstóls Evrópu í máli *Christine Goodwin gegn Bretlandi* frá 11. júlí 2002¹, sem nánar verður reifað síðar. Bresku lögin voru sett árið 2004 og er markmið þeirra að veita transfólki full lagaleg réttindi í samræmi við það kyn sem það vill lifa sem. Lögin setja það skilyrði fyrir viðurkenningu á hinu leiðrétta kyni að viðkomandi sé orðinn 18 ára og að hann annað hvort lifi sem hið æskilega kyn eða hann hafi leiðrétt kyn sitt í öðru landi í samræmi við þau lög sem þar gilda. Sérstök nefnd (e. *Gender recognition panel*) samþykkir umsóknina að eftirtöldum skilyrðum uppfylltum: að einstaklingurinn hafi kynvitund sem stangast á við líffræðilegt kyn (e. *gender dysphoria*); að hann hafi lifað í gangstæðu kyni í tvö ár áður en umsókn er lögð fram; að hann hyggist lifa í hinu nýja kyni til frambúðar; og að tiltekin gögn séu lögð fram í samræmi við 3. gr. laganna.

¹ Dómur mannréttindadómstóls Evrópu frá 11. júlí 2002 í máli *Christine Goodwin gegn Bretlandi*, nr. 28957/95.



MANNRETTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Í Hollandi hefur einnig verið sett víðtæk löggjöf er snertir málefni transfólks. Fjallað er um kynleiðréttingu í hollensku borgaralögunum (h. *burgerlijk wetboek*) frá árinu 1985. Samkvæmt þeim geta hollenskir ríkisborgarar og einstaklingar sem búsettir hafa verið í Hollandi í ár og hafa gilt búsetuleyfi sótt um lagalega leiðréttingu kyns í fæðingarvottorði fyrir svæðisbundnum undirréttl. Í 1. mgr. 29. gr. (a) segir að hollenskur ríkisborgari sem sannfærður er um að hann tilheyrir gagnstæðu kyni en því sem fram kemur á fæðingarvottorði hans og hafi aðlagast því kyni að því marki sem hægt og réttlætanlegt er, jafnt læknisfræðilega og sálfræðilega, hafi rétt til að leiðrétta löglegt kyn sitt á fæðingarvottorði. Í 29. gr. (c) segir að beiðni um lagalega leiðréttingu á kyni skuli virt ef dómstólar telja nægjanlega sýnt fram á að umsækjandi sé sannfærður um að hann tilheyrir gagnstæðu kyni, að slík sannfæring teljist varanleg og að umsækjandinn fullnægi þeim skilyrðum sem fram koma í 1. mgr. 29. gr. (1). Í 2. mgr. 29. gr. (c) segir að ef dómstóllinn samþykki umsókn um leiðréttingu á lagalegu kyni þá geti dómstóllinn á sama tíma breytt eigin nafni umsækjanda ef þess er krafist.

Í Finnlandi er fjallað um rétt einstaklings til að leiðrétta lagalegt kyn sitt í lögum nr. 563/2002 (e. *The Gender Confirmation of Transsexual Individuals Act*). Í 1. gr. laganna er mælt fyrir um að einstaklingur skuli talinn tilheyra gagnstæðu kyni en því sem skráð er í þjóðskrá ef hann leggur fram yfirlýsingu frá lækni sem staðfestir að viðkomandi lifi sem hið gagnstæða kyn og ætli að gera það til frambúðar. Heimilt er að breyta hjúskap í staðfesta samvist eftir að leiðrétting á kyni hefur átt sér stað ef samþykki maka liggur fyrir. Eins má breyta skráðri samvist í hjúskap að sömu skilyrðum uppfylltum. Í 5. gr. segir að eftir að lögleg leiðrétting á kyni hefur átt sér stað nýtur viðkomandi allra þeirra réttinda sem nýja kyninu tilheyrir, nema annað sé tekið fram í lögum. Í 7. gr. er fjallað um rétt þess er leiðrétt hefur kyn sitt í öðru ríki en Finnlandi og tilheyrir nú gagnstæðu kyni en því sem fram kemur í finnsku þjóðskránni. Er leiðréttingin talin löglega gild án frekari staðfestingar ef viðkomandi var með ríkisborgararétt eða fasta búsetu í því ríki þar sem ákvörðun um lagalega leiðréttingu á kyni var tekin.

Fleiri Evrópulönd hafa samþykkt sérstök lög sem snerta þennan málaflokk en ekki verður farið nánar í þau hér.

3. Evrópuráðið

Samningur um verndun mannréttinda og mannfrelsis, oftast kallaður mannréttindasáttmáli Evrópu, var undirritaður af fulltrúum Evrópuráðsins þann 4. nóvember 1950. Hann hefur verið lögfestur á Íslandi með lögum nr. 62/1994. Í 14. gr. sáttmálans er kveðið á um bann við mismunun, en þar segir:

Réttindi þau og frelsi, sem lýst er í samningi þessum, skulu tryggð án nokkurs manngreinarálits, svo sem vegna kynferðis, kynþáttar, litarháttar, tungu, trúarbragða, stjórnmála- eða annarra skoðana, þjóðernis eða þjóðfélagsstöðu, tengsla við þjóðernisminnihluta, eigna, uppruna eða annarrar stöðu.

Þar sem ákvæðið kveður á um bann við mismunun vegna „annarrar stöðu“ gefur það til kynna að ekki séu tæmandi taldir þeir þættir sem geta orðið andlag mismununar, eins og t.d. kynhneigð og fötlun. Þar af leiðandi getur mismunun á grundvelli þess að einstaklingur sé transgender flokkast undir „aðra stöðu“. Hins vegar er vernd 14. gr. gegn mismunun takmörkuð við svið sáttmálans, þ.e. þau réttindi sem vernduð eru í honum. Bann við mismunun, skv. ákvæðinu, er því eins konar fylgiréttur við önnur réttindi sem sáttmálinn verndar. Þannig er ekki hægt að bera fyrir sig að 14. gr. hafi verið brotin ein og sér heldur verður að byggja á að brotið hafi verið gegn ákvæðinu í tengslum við annað efnisákvæði



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

sáttmálans. Þess vegna tryggir 14. gr. ekki vernd gegn mismunun utan þess sem kemur fram í sáttmálanum

Samningsviðauki nr. 12 við mannréttinasáttmála Evrópu var undirritaður í Róm 4. nóvember 2000 og tók gildi 1. apríl 2005. Í viðaukanum er kveðið á um sjálfstætt bann við mismunun á öllum réttarsviðum og þannig er leitast við að bæta úr takmörkunum 14. gr. Viðaukanum er ætlað að vera viðbót við samninginn og hann verndar einstaklinga fyrir almennri mismunun, ekki einungis þeirri sem sáttmálinn verndar. Í 1. mgr. 1. gr. viðaukans er kveðið á um þetta sjálfstæða og almenna bann við mismunun:

Öll lagaleg réttindi skulu tryggð án nokkurrar mismununar svo sem vegna kynferðis, kynþáttar, iitarháttar, tungu, trúarbragða, stjórnmála- eða annarra skoðana, þjóðernis eða þjóðfélagsstöðu, tengsla við þjóðernisminnihluta, eigna, uppruna eða annarrar stöðu.

Þegar þetta er ritað hafa 17 ríki fullgilt samningsviðaukann. Ísland er ekki þeirra á meðal en íslensk stjórnvöld hafa engu að síður undirritað viðaukann ásamt 36 öðrum ríkjum. Viðaukinn gildir einungis gagnvart þeim ríkjum sem hafa fullgilt hann og því geta eingöngu einstaklingar frá þeim ríkjum sótt rétt sinn til mannréttindadómstóls Evrópu á grundvelli viðaukans. Líkt og í 14. gr. mannréttinasáttmálans er kveðið á um bann við mismunun vegna „annarrar stöðu“. Því getur mismunun á grundvelli þess að viðkomandi sé transgender flokkast undir „aðra stöðu“ og er því óheimil.


Auk 14. gr. sáttmálans og viðauka nr. 12 má einnig nefna 8. gr. sáttmálans, sem fjallar um friðhelgi einkalífs og fjölskyldu og 12. gr. sáttmálans, sem kveður á um réttinn til að stofna til hjúskapar, en þau ákvæði vernda einnig réttindi og frelsi transfólks. Engin ákvæði sáttmálans kveða þó sérstaklega á um bann við mismunun gagnvart transfólki en líkt og áður sagði geta þeir einstaklingar fallið undir „aðra stöðu“ skv. 14. gr. sáttmálans og 1. mgr. 1. gr. samningsviðauka nr. 12. Mannréttindadómstóll Evrópu hefur einnig túlkað 8. og 12. gr. sáttmálans á þann veg að transfólk njóti verndar ákvæðanna. Til dæmis hefur dómstóllinn komist að þeirri niðurstöðu að ríki hafi brotið gegn friðhelgi einkalífs trans einstaklings með því að veita nýju kyni hans ekki lagalega viðurkenningu. Nánar verður farið í dóma mannréttindadómstólsins í kafla 4.

Árið 1989 birti Evrópuráðið tilmæli nr. 1117 um málefni transfólks.² Mælt er til að aðildarríki breyti löggjöf er varðar transfólk á þann hátt að tilgreining kyns viðkomandi verði breytt í fæðingarvottorði og skilríkjum, heimild verði veitt til breytingar á eigin nafni, einkalíf verndað og öll mismunun á grundvallarréttindum og frelsi einstaklinga bönnuð í samræmi við 14. gr. mannréttinasáttmála Evrópu.

4. Dómaframkvæmd mannréttindadómstóls Evrópu

Mannréttindadómstóll Evrópu hefur fjallað um nokkur mál er varða brot gegn transfólki, flest er varða meint brot gegn 8. gr. mannréttinasáttmála Evrópu, er mælir fyrir um réttinn til friðhelgi einkalífs og fjölskyldu og 12. gr. sem kveður á um réttinn til að stofna til hjúskapar. Fyrir dómstólnum

² Tilmæli Evrópuráðsþingsins nr. 1117 (1989) um stöðu transfólks. Fengið af vef Evrópuráðsins: <http://assembly.coe.int/main.asp?Link=/documents/adoptedtext/ta89/erec1117.htm>. Sótt þann 19. ágúst 2009.



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

hefur verið deilt um hvort 8. gr. sáttmálans feli í sér að einstaklingur hafi, eftir að hafa gengist undir leiðréttingu á kyni, rétt á því að skráningu á lagalegu kyni sé breytt. Fyrir 1992 taldi dómstóllinn ákvörðun um að breyta ekki kyni viðkomandi í þjóðskrá ekki brjóta gegn 8. gr. sáttmálans. Í *B* gegn *Frakklandi* (1992), *Christine Goodwin* gegn *Bretlandi* (2002), sem minnst var á að framan, og *I* gegn *Bretlandi* (2002) komst dómstóllinn þó að annarri niðurstöðu, í takt við þróun í Evrópu, og taldi að brotið hefði verið gegn 8. gr. sáttmálans.

Í máli *Goodwin* gegn *Bretlandi* var um að ræða einstakling sem gengist hafði undir fulla kynleiðréttingu. Kynleiðréttingin hafði verið greidd af heilbrigðiskerfi landsins og viðkomandi lifði sínu daglega lífi sem kona. Þrátt fyrir þetta leit hið lagalega umhverfi á hana sem karlmann hvað varðaði lífeyri, eftirlaun, tryggingar og fleira. Í *Bretlandi* var staðan því sú að truflun varð á einkalífi transfólks þar sem árekstur varð á milli félagslegs og lagalegs raunveruleika með þeim afleiðingum að það upplifði vanmátt, niðurlægingu og kvíða. Í dóminum kemur fram að það séu skýr og óumdeild merki um alþjóðlega stefnu í þá átt að viðurkenna transfólk, eftir leiðréttingu á kyni, ekki einungis frá félagslegu sjónarhorni heldur einnig lagalegu. Dómurinn leggur áherslu á að kjarni sáttmálans sé virðing fyrir einstaklingnum og frelsi hans. Hugmyndin um sjálfsforræði (e. *personal autonomy*) er ein af grunnhugmyndunum á bak við 8. gr. og samkvæmt henni er hverjum og einum veitt vernd í einkalífi sínu, m.a. til að ákveða eigin sjálfsmynd. Réttur transfólks til persónulegs þroska, líkamlegs og siðferðislegs öryggis til jafns við aðra er ekki lengur ágreiningsmál sem krefst tíma til að skilja betur eða komast að niðurstöðu um. Dómurinn taldi engar vísbendingar vera til staðar um að almannahagsmunum væri stefnt í voða með því að breyta lagalegri stöðu transfólks í samræmi við nýtt kyn. Dómurinn taldi réttlæt看legt að þær kröfur væru gerðar til samfélagsins að það sýndi vissan skilning svo að transfólki væri gert kleift að búa við reisn og gildi í samræmi við það kyn sem það vill lifa sem. Niðurstaða dómsins var því sú að breska ríkið hefði brotið gegn 8. gr. sáttmálans með því að virða ekki rétt *Goodwin* til friðhelgl einkalífs, þar sem henni var neitað um lagalega breytingu kyns. Dómurinn taldi einnig að breska ríkið hefði brotið gegn 12. gr. sáttmálans með því að neita kæranda um réttinn til að ganga í hjónaband.

Af ofangreindum dómi, sem og fleirum, má álykta að 8. og 12. gr. sáttmálans komi einna helst til álita hvað varðar rétt transfólks til að fá að breyta skráningu í þjóðskrá, til að fá viðurkenndan rétt sinn til kynleiðréttingar, til að fá lagalega viðurkenningu á leiðréttu kyni og til að stofna til hjúskapar. Túikun dómstólsins á mannréttindasáttmálanum er því í þá átt að viðurkenna ríkari réttindi transfólks til friðhelgi einkalífs og fjölskyldu en áður. Dómurinn hefur úrskurðað að á stjórnvöldum hvíli athafnaskylda til að tryggja þessi réttindi en jafnframt eigi stjórnvöld að forðast óþarfa afskipti af einkalífi transfólks.

5. Evrópusambandið

Nokkrar tilskipanir Evrópusambandsins (hér eftir ESB) fjalla sérstaklega um bann við mismunun. Einungis ein þeirra fjallar sérstaklega um transfólk og er hún nr. 2006/54/EC.³ Í tilskipuninni er fjallað um útfærslu reglunnar um jöfn tækifæri og jafna meðferð karla og kvenna á vinnumarkaði en tilskipunin hefur það markmið að sameina efni eldri tilskipana um jafnrétti og dómaframkvæmd í

³ Official Journal L 204, 26/07/2006, bls. 23. Directive 2006/54/EC of the European Parliament and of the Council of 5 July 2006 on the implementation of the principle of equal opportunities and equal treatment of men and women in matters of employment and occupation (recast). Fáanleg á: <http://eur-lex.europa.eu/LexUriServ/LexUriServ.do?uri=OJ:L:2006:204:0023:0036:EN:PDF>. Sótt þann 20. ágúst 2009.



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

þeim tilgangi að gera lögin gegnsæri. Tilskipunin hefur að geyma afdráttarlaust bann við mismunun gagnvart transfólki en í 3. gr. segir:

Evrópudómstóllinn telur að umfang meginreglunnar um jafnrétti karls og konu verði ekki einskorðað við bann við mismunun á grundvelli þess að einstaklingur sé af einu eða öðru kyni. Í ljósi tilgangs og eðli réttindanna sem ætlunin er að vernda, nær bannið við mismunun einnig til einstaklinga sem hafa gengist undir leiðréttingu á kyni.


Af tilskipuninni er því ljóst að mismunun gagnvart transfólki getur flokkast undir mismunun á grundvelli kyns. Engin önnur tilskipun ESB fjallar berum orðum um bann við mismunun gagnvart þessum hópi fólks. Hins vegar má sjá, í eftirfarandi málum, hvernig dómstóll Evrópubandalaganna (hér eftir Evrópudómstóllinn) hefur túlkað tilskipanir ESB á þann hátt að mismunun gagnvart transfólki falli undir gildissvið þeirra.

6. Dómafrankvæmd Evrópudómstólsins

Evrópudómstóllinn hefur fjallað um málefni transfólks í nokkrum málum. Dómstóllinn virðist líta svo á að löggjöf gegn mismunun nái einnig til mismununar gagnvart transfólki. Í máli nr. C-13/94, *P* gegn *S* og *Cornwall County Council* úrskurðaði Evrópudómstóllinn að tilskipun nr. 76/207/EEC um framkvæmd meginreglunnar um jafnrétti karla og kvenna varðandi aðgang að störfum, starfsþjálfun og stöðuhækkunum, sem og varðandi starfskjör (e. *Equal Treatment Directive*) ætti að ná til mismununar gagnvart einstaklingum sem hefðu gengist undir kynleiðréttingu (tilskipun nr. 2006/54/EC hefur nú leyst þessa tilskipun af hólmi og því er hún ekki lengur í gildi). Í dóminum kemur fram að 1. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar útiloki uppsögn einstaklings á þeim grundvelli að viðkomandi hafi gengist undir leiðréttingu á kyni. Þar sem bann við mismunun á grundvelli kyns eru grundvallarmannréttindi, verður umfang ákvæðisins ekki einskorðað við að viðkomandi sé af öðru hvoru kyninu. Það verður að ná til mismununar á grundvelli kynleiðréttingar einstaklings sem byggir, í meginatriðum eða einvörðungu, á kyni viðkomandi, þar sem brottrekstur með þeim röksemdum að viðkomandi hafi gengist undir eða hyggist ganga undir leiðréttingu á kyni er mismunun milli þess einstaklings og hinna sem eru af því kyni sem viðkomandi var fyrir aðgerðina.⁴

Í máli nr. C-423/04, *Sarah Margaret Richards* gegn *Secretary of State for Work and Pensions* voru málavextir þeir að *S* hafði leiðrétt kyn sitt úr karli í konu og fór fram á eftirlaun fyrir 65 ára aldur. Samkvæmt breskum lögum gátu konur farið fram á eftirlaun við 60 ára aldur en karlmenn við 65 ára aldur. Var *S* synjað um eftirlaun fyrir 65 ára aldurinn á þeim grundvelli að hann væri karl. Í dóminum segir að ef kærandi hefði lagalega verið viðurkenndur sem kona hefði hann fengið að fara á eftirlaun við 60 ára aldurinn. Því taldi dómurinn að 1. mgr. 4. gr. tilskipunar nr. 79/7/EEC um áframhaldandi beitingu reglunnar um jafnrétti karla og kvenna er varðar félagslegt öryggi yrði túlkuð á þann hátt að hún útiloki löggjöf sem kemur í veg fyrir að einstaklingur sem gengist hefur undir kynleiðréttingu úr karli í konu hafi rétt til eftirlauna fyrir 65 ára aldur. Umfang

⁴ Evrópudómstóllinn. Mál *P* gegn *S* and *Cornwall County Council*, nr. C-13/94.



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFHA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

tilskipunarinnar nær því einnig til mismununar gagnvart einstaklingum sem gengist hafa undir kynleiðréttingu.⁵

Af ofangreindum málum, sem og fleirum, er ljóst að Evrópudómstóllinn telur að löggjöf um mismunun nái einnig til mismununar gagnvart einstaklingum sem gengist hafa undir kynleiðréttingu. Þannig er óheimilt að mismuna transfólki þegar kemur að dánarbótum, eftirlaunaréttindum og uppsögnum úr starfi (þ.e. óheimilt er að segja transfólki upp á þeim grundvelli að hann hafi gengist undir, eða hyggist ganga undir kynleiðréttingu). Mismunun gagnvart trans einstaklingi getur þannig flokkast undir mismunun á grundvelli kyns.

7. Íslenskur réttur

Á Íslandi er engin heildstæð löggjöf um málefni transfólks líkt og í mörgum nágrannalanda okkar en engu að síður er framkvæmdin að mestu leyti komin í fastar skorður. Samráðshópur á vegum landlæknis tekur ákvörðun um hvort einstaklingur er hæfur til að gangast undir meðferð og eftir atvikum aðgerð. Í samráðshópnum sitja tveir geðlæknar, tveir kvensjúkdómalæknar og einn lýtalæknir. Greining er á höndum geðlæknis og eru hinir í hópnum einkum til frekari ráðgjafar. Samráðshópurinn er ekki settur með lögum og eru því hvergi að finna lögbundin fyrirmæli um það hvernig hópurinn skuli haga störfum sínum og hvert nákvæmt hlutverk hans skuli vera. Að auki kemur ekki fram í lögum hvernig standa skuli að skipun hópsins. Þetta hefur verið til þess að starfsemi hópsins hefur verið fremur laus í reipum. Til að auka skilvirkni hans er nauðsynlegt að í lögum komi skýrt fram hvernig staðið skuli að skipun í hópinn og hvert hlutverk hans skuli vera. Einnig eru ekki til staðar formlegar reglur um áfrýjun mála, en í dag er stjórnýsluframkvæmdin sú að úrskurð samráðshópsins um aðgerð er hægt að kæra til Landlæknis. Mikilvægt er að skýrt sé kveðið á um í lögum hvert áfrýja megi úrskurði samráðshópsins.⁶

Hingað til hefur framkvæmdin á Íslandi verið á þann veg að transfólk hefur þurft að gangast undir fulla kynleiðréttingu áður en því hefur verið heimilað að skipta formlega um nafn í þjóðskrá. Í 2. mgr. 5. gr. laga um mannanöfn nr. 45/1996 er kveðið á um að stúlku skuli gefa kvenmannsnafn og að dreng skuli gefa karlmannsnafn. Í 3. mgr. 8. gr. sömu laga kemur fram að stúlkur skuli vera með dótturkenningu til föður síns eða móður og drengir skuli vera með sonarkenningu til föður eða móður. Á þessum grundvelli hefur dóms- og kirkjumálaráðuneytið synjað umsóknum um nafnbreytingu transfólks í samræmi við æskillegt kyn þar sem þeir hafa ekki gengist undir fulla kynleiðréttingu. Ráðuneytið hefur eingöngu séð sér fært að fallast á nafnbreytingu þegar fyrir hefur legið staðfesting á að skurðaðgerð til leiðréttingar á kyni hafi verið framkvæmd. Þegar slík staðfesting er til staðar er skráningu um kyn einnig breytt í fæðingarskýrslu viðkomandi til samræmis við hið nýja kyn.⁷

Að bera nafn sem er ósamræmanlegt útliti manns getur verið niðurlægjandi og leitt til óþæginda í hvert sinn sem viðkomandi þarf að framvísa persónuskilríkjum eða greiðslukortum. Sem dæmi um

⁵ Evrópudómstóllinn. Mál *Sarah Margaret Richards* gegn *Secretary of State for Work and Pensions*, nr. C-423/04.

⁶ Upplýsingar fengnar frá Óttari Guðmundssyni geðlækni, þann 25. ágúst 2009.

⁷ Álit umboðsmanns Alþingis í máli nr. 4919/2007, kafli III. Fengið af vefsíðu embættisins; www.umbodsmaduralthingis.is.



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

slík óþægindi má nefna að fari einstaklingur úr landi í þeim tilgangi að gangast undir skurðaðgerð til leiðréttingar á kyni eða til undirbúnings slíkrar aðgerðar getur sú staða komið upp að vegabréf viðkomandi beri enn með sér fyrra kyn hans þótt útlit og klæðnaður samsvari því ekki. Þetta getur haft þær afleiðingar í för með sér að viðkomandi lendir í miklum vandkvæðum við ferðalög á milli landa og þar með talið við endurkomu til Íslands. Þannig neyðast þessir einstaklingar oft og tíðum til að veita ókunnugum aðilum viðkvæmar upplýsingar um sín einkamálefni og aðstæður.⁸

Í álit umboðsmanns Alþingis í máli nr. 4919/2007 var um að ræða kvörtun einstaklings yfir synjun dóms- og kirkjumálaráðherra á beiðni hans um nafnbreytingu. Viðkomandi hafði fæðst sem karlmaður en hafði lifað félagslega sem kona í 12 ár þegar kvörtun hans kom á borð umboðsmanns. Ráðuneytið sá sér ekki fært að verða við beiðni einstaklingsins þar sem hann hafði ekki gengist undir skurðaðgerð til leiðréttingar á kyni, sbr. það sem að framan er rakið. Eftir að umboðsmaður hafði tekið kvörtun einstaklingsins til meðferðar breytti landlæknisembættið og ráðuneytið stjórnsýsluframkvæmd sinni á þá leið að heilbrigðisyfirvöld geta nú gefið út staðfestingu á því að nafn- og kynbreyting í þjóðskrá geti átt sér stað að lokinni hormóna meðferð í eitt ár. Þar af leiðandi þarf transfólk ekki lengur að hafa gengist undir skurðaðgerð til leiðréttingar á kyni til að fá nafni sínu og kyni breytt í þjóðskrá líkt og áður. Er þetta mikilvæg breyting fyrir þá einstaklinga sem af einhverjum ástæðum vilja ekki eða geta ekki gengist undir skurðaðgerð til breytingar á kyni en eru engu að síður haldnir kynáttunarfanda og vilja lifa sínu daglega lífi sem hið gagnstæða kyn. Nú þurfa þeir ekki lengur að lifa við þá niðurlægingu og óþægindi sem af því skapast að bera nafn sem samræmist ekki útliti viðkomandi.


8. Lokaorð

Þrátt fyrir að framangreind breyting hafi átt sér stað er ljóst að réttarstaða transfólks er ennþá afar óljós þar sem ekkert er því til fyrirstöðu að fyrrnefndri stjórnsýsluframkvæmd verði breytt á ný. Þar af leiðandi er mikilvægt að settar séu skýrar reglur um málsmeðferð og framkvæmd þessa málaflokks. Umboðsmaður komst einmitt að þeirri niðurstöðu í framangreindu álit að tilefni sé til þess að „lagt verði mat á hvort þörf sé á að settar verði skýrari og fyllri reglur um rétt einstaklinga, sem haldnir eru kynskiptahneigð, til að óska eftir breytingu á skráningu nafns og eftir atvikum kyns í þjóðskrá og þá um skyldur stjórnvalda í því sambandi.“⁹ Í stjórnarsáttmála Samfylkingar og Vinstri grænna frá 2009 er sérstaklega tekið fram að huga þurfi að réttarbótum í málefnum transfólks í samræmi við framangreint álit umboðsmanns Alþingis. Þar af leiðandi virðist ekkert vera því til fyrirstöðu að sett verði heildstæð löggjöf til að skerpa enn frekar á rétti transfólks og þar sem um stjórnarskrárvarin réttindi er að ræða, einkum friðhelgi einkalífs, er nauðsynlegt að réttur þessara einstaklinga sé alveg skýr. Besti kosturinn í stöðunni væri sá að sett yrði heildstæð löggjöf er tekur á öllum þeim mikilvægu þáttum sem viðkoma þessu ferli.

Af öllu ofangreindu virtu vill Mannréttindaskrifstofa Íslands ítreka ánægju sína með fyrirbyggjandi þingsályktunartillögu og telur hana mikilvægt skref í átt að réttarbótum til handa transfólki á Íslandi.

⁸ Álit umboðsmanns Alþingis í máli nr. 4919/2007, kafli IV.2. Fengið af vefsíðu embættisins; www.umbodsmaduralthingis.is.

⁹ Álit umboðsmanns Alþingis í máli nr. 4919/2007, kafli I. Fengið af vefsíðu embættisins; www.umbodsmaduralthingis.is.



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Virðingarfyllst,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands
Kolbrún Birna Árdal, lögfræðingur

Kolbrún Birna Árdal

25.3.2010

Alþingi
Erindi nr. P 138/1384
komudagur 25. 3. 2010

Umsögn frá Prestafélagi Íslands um réttarbætur fyrir transfólk

Stjórn PÍ samþykkti eftirfarandi umsögn á stjórnarfundum 18. mars sl.:

Um réttarbætur fyrir transfólk, 168 mál, sjá <http://www.althingi.is/altrxt/138/s/0187.html> þar sem lagt er til að lagaleg og félagsleg staða transfólks sé könnuð.

Stjórn PÍ styður tillögu ALþingis um að nefnd verði skipuð sem hafi það hlutverk að kanna lagalega og félagsstöðu transfólks á Íslandi og gera tillögu að úrbótum svo tryggja megi transfólki á Íslandi full mannréttindi.

Með kveðju,
Sigrún Óskarsdóttir, varaformaður PÍ



Alþingi
Erindi nr. P 138/1272
komudagur 17.3.2010

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Reykjavík 15. mars 2010

Tilvísun: 2010030107


50.03

Nefndasvið Alþingis
allsherjarnefnd
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Efni: Umsögn - þingsályktunartillaga um réttarbætur

Ríkislögreglustjóri þakkar allsherjarnefnd fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um tillögu til þingsályktunar um réttarbætur fyrir transfólk, 168. mál. Embættið gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.

F.h. RLS

 / 
Thelma Cl. Þórðardóttir / Gísli Pálsson

Alþingi
Erindi nr. P 138/1273
komudagur 17.3.2010

Ríkissaksóknari

Reykjavík 17. mars 2010.

Nefndasviðs Alþingis
Austurstræti 10
150 Reykjavík

Allsherjarnefnd Alþingis hefur óskað umsagnar ríkissaksóknara tillögu til þingsályktunar um réttarbætur fyrir transfólk, 168. mál.

Ríkissaksóknari sér ekki ástæðu til að veita umsögn um tillögunina enda lýtur hún ekki að starfssviði embættisins.


Valtyr Sigurðsson




Alþingi
Erindi nr. P 138/1246
komudagur 15.3.2010

UMBOÐSMAÐUR BARNA

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík

Reykjavík, 12. mars 2010
Tilvísun: UB 1003/4.1.1

Efni: Tillaga til þingsályktunar um réttarbætur fyrir transfólk, 168. mál.

Vísað er til tölvupósts frá allsherjarnefnd Alþingis, dagsett 11. mars 2010, þar sem óskað er eftir umsögn umboðsmanns barna um ofangreinda þingsályktunartillögu.

Umboðsmaður barna fagnar öllum réttarbótum á ofangreindu sviði og gerir því engar athugasemdir við þessa þingsályktunartillögu

Virðingarfyllst,

Margrét María Sigurðardóttir



ÚTLENDINGASTOFNUN
ICELANDIC DIRECTORATE OF IMMIGRATION

Nefndasvið Alþingis
Allsherjarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. Þ 138/140/
komudagur 26.3.2010

Reykjavík, 24 . mars 2010
Tilvísun: 2010030008

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um réttarbætur fyrir transfólk , þskj. 187, 168. mál.

Vísað er til bréfs yðar, dags. 11. mars 2010, þar sem óskað er umsagnar Útlendingastofnunar um tillögu til þingsályktunar um réttarbætur fyrir transfólk , þskj. 187, 168. mál.

Útlendingastofnun þakkar fyrir veitt tækifæri til að koma að athugasemdum vegna ofangreindrar tillögu. Stofnunin gerir hins vegar engar athugasemdir við efni tillögunnar.

Virðingarfyllst,
f.h. Útlendingastofnunar,

Rósa Dögg Rósadóttir
Rósa Dögg Rósadóttir,
settur forstjóri.



Alþingi
Erindi nr. P 138/1502
komudagur 7.4.2010



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 31. mars 2010


Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um réttarbætur fyrir transfólk. Lagt fyrir á Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009-2010. Þskj. 187 – 168. mál.

ÖBÍ hefur fengið til umsagnar tillögu til þingsályktunar um réttarbætur fyrir transfólk 168.mál.

ÖBÍ tekur undir efni þingsályktunarinnar og nauðsyn þess að tryggja transfólki full mannréttindi og skýra réttarstöðu þess á öllum sviðum.

Virðingarfyllst,

f.h. ÖBÍ,


Lilja Þorgeirsdóttir,
framkvæmdastjóri.

Við stöndum fyrir réttlæti – Ekkert um okkur án okkar!

ÖRYRKJABANDALAG ÍSLANDS • Háttúni 10 • 105 Reykjavík • Sími 530 6700 • Fax 530 6701 • Heimasíða www.obí.is • Netfang obi@obi.is

